

48. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 29. september 2017 kl. 8.10 við Norðurgötu

Mættir: Brynja Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Jón Garðar Steingrímsson foreldrafulltrúi, Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara, Jóachim Birgir Andersen fulltrúi nemenda og Patrick Gabriel Bors fulltrúi nemenda og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá

1. Fundarskipulag vetrarins

Fundarmenn voru boðnir velkomnir á fyrsta skólaráðsfund vetrarins. Áætlun um skólaráðsfundi lögð fram og samþykkt samhljóða. Fundartími ákveðinn kl. 8.10 - 9.00 í myndmenntastofunni við Norðurgötu.

2. Ársskýrsla GF 2016-2017

Skólaráð fékk ársskýrslu síðasta skólaárs afhenta. Umræður spunnust um innihald skýrslunnar, hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar og hvort óþarfi er að birta upplýsingar sem fram koma í skólanámskrá og starfsáætlun skólans.

3. Starfsáætlun GF 2017-2018

Starfsáætlun núverandi skólaárs afhent fundarmönnum og hún rædd. Í umræðum var bent á hátt verð á skólamáltíðum skv. gjaldskrá og að systkinaafsláttur væri ekki veittur. Fram kom að Fjallabyggð er í hópi þeirra sveitarfélaga sem er með hæsta verðið á skólamáltíðum skv. fréttum fjölmiðla nú í haust. Rætt var um verð og gæði skólamáltíða, útboð sveitarfélagsins á skólamáltíðum og hvort skólaráð væri bært til þess að fjalla um systkinaafslátt. Skólastjóri sagði nauðsynlegt að ræða fyrirkomulag skólamáltíða þar sem athugasemdir og ábendingar hafi borist um það sem betur má fara í því sambandi.

4. Önnur mál

Ábendingu komið á framfæri varðandi það að starfsmenn væru ekki í takt við Uppbyggingarstefnu skólans. Skólastjóra falið að vinna að lausn.

Fundi slitið kl. 9.00

Jónína Magnúsdóttir